

VORSKÝRLSA SÍÐUSKÓLA 2015

SÍÐUSKÓLI VIÐ BUGÐUSÍÐU
Sími 4622588

Efnisyfirlit

| | |
|--------------------------------------|----|
| Inngangur | 2 |
| Ýmsar upptakur | 2 |
| Áherslur skólaársins 2014-2015 | 3 |
| Innra mat | 5 |
| Starfsáætlun | 6 |
| Samstarf heimila og skóla..... | 7 |
| Aðrir þættir í innra mati | 12 |

Inngangur

Skólaárið í Síðuskóla var líflegt og lærdómsríkt eins og fyrri ár. Nýr skólastjóri tók við þann 1. ágúst sem og deildarstjóri eldra stigs. Í þessari stuttu skýrslu vrður stiklað á stóru varðandi skólastarfið en starfið var afar fjölbreytt í bland við hefðbundin verkefni skóla. Sagt verður frá ýmsum upptákum, helstu áhersluatriðum skólaársins og mati á skólastarfinu.

Ýmsar upptákur

Á fyrstu vikum skólaársins hófst undirbúningur fyrir 30 ára afmæli skólans sem haldið var hátíðlegt þann 11. september. Veðrið lék við okkur þann dag og kennarar og nemendur unnu fjölbreytt verkefni innan húss og utan. Seinni partinn hófust svo hátíðarhöld þar sem nemendum, foreldrum og öðrum velunnurum var boðið til veislu. Hún hófst á hátíðarhöldum í íþróttasal skólans en síðan hélt veglegur hópur í skruðgöngu um hverfið með fulltrúa frá Tónlistarskólanum í broddi fylkingar.

Dagur íslenskrar náttúru var svo haldinn hátíðlegur þann 16. nóvember. Hver árgangur hélt af stað út í umhverfið og vann að hinum ýmsu verkefnum. Spurningakeppnin þar sem keppt var um titilinn „Náttúrufræðingur Síðuskóla“ var á sínum og var Sóley Brattberg Gunnarsdóttir í 6. bekk sá nemandi sem bar sigur af hólmi.

Loftslagsáskorun var hleypt af stokkum 11. nóvember hér í Síðuskóla. Þetta er samnorrænt verkefni þar sem markmiðið er að tryggja góða umgengni um náttúruna og stuðla að hóflegri nýtingu orkulynda.

Þann 14. nóvember var degi íslenskar tungu fagnað en hann er þann 16. nóvember á fæðingardeggi skáldsins ástsæla, Jónasar Hallgrímssonar. Þá fóru nemendur 8. bekkjar í heimsókn í Brekkuskóla og 10. bekkjar í Lundarskóla en nemendur 9. bekkjar í bænum sóttu okkur í Síðuskóla heim og áttu saman góða stund þar sem hver skóli var með sitt atriði til sýningar fyrir aðra.

Síðuskóli fékk vikuna 17. – 21. nóvember hóp nemenda í fylgd kennara frá Södertörns friskola í Huddinge í Svíþjóð í heimsókn. Þann 16. maí fóru 15 nemendur Síðuskóla á fylgd þriggja kennara í viku heimsókn til Svíþjóðar. Samstarf þessara skóla gengur út á forritun og eru allir sem hlut eiga að máli ánægðir með þessa vinnu. Þess ber að geta að styrkur hefur verið veittur fyrir áframhaldandi samstarfi svo von er á gestum og ferð utan á næsta skólaári.

Fullveldisdagurinn 1. desember var haldinn hátíðlegur að vanda en þá var haldinn árleg spurningakeppni unglíngastígs. Að þessu sinni bar 10. bekkur af hólmi. Síðuskóli vann Akureyrarriðilinn í skólahreysti 3. árið í röð og fór fríður hópur nemenda suður á lokakeppnina þann 22. apríl. Lið skólans stóð sig með þrýði og var skólanum í alla staði til sóma.

Litlu jólin voru á sínum stað þar sem 6. bekkur sýndi helgileik, jólasveinar gáfu mandarínur og að lokum dönsuðu allir kringum jólatréð í íþróttasal skólans.

Árshátíðin setti svip á skólalífið í febrúar þar sem undirbúningur og svo sýningar brutu upp hversdagsleikann.

Glæsileg vorhátíð foreldrafélagsins var haldinn sunnudaginn 7. maí. Þann dag voru væntanlegir nemendur 1. bekkjar boðnir velkomnir áður en formleg hátíðarhöld hófust en svo var ýmis afþreying í boði, hlutavelta og síðast en ekki síst glæsilegt kaffihlaðborð foreldrafélagsins.

Áherslur skólaársins 2014-2015

Í haust var gefin út starfsáætlun skólans fyrir skólaárið 2014-2015 og var hún í fyrsta sinn gerð opinber. Þar kom fram að helstu áherslur og umbætur fyrir skólaárið yrðu:

- Innleiðing á nýrri aðalnámskrá grunnskóla-námsmat
- Skólanámskrá - uppfærsla
- Vinna við lestrarstefnu
- SMT-áframhaldandi þróun
- Umhverfismál og útikennsla
- Samverustundir stiga á sal
- Stærðfræði á yngsta- og miðstigi

Innleiðing aðalnámskrár hélt áfram þar sem kennarar eru sífellt meðvitaðri um mikilvægi grunnþátta menntunar í sinni kennslu og tengja þá viðfangsefni eins og kostur er. Frammistöðumat var tvisvar yfir veturinn þar sem nemendur sjálfir með aðstoð foreldra eftir þörfum lögðu mat á eigin stöðu ásamt kennurum. Þarna er horft til þeirra þátta sem teljast samkvæmt Mennta- og menningarmálaráðuneyti til lykilhæfni menntunar en í vetur var einkum horft til sjálfstæði og ábyrgðar ásamt samvinnu. Á vordögum lögðust kennarar í vinnu vegna námsmats og settu fram tillögur að því hvaða lykilhæfni verður lögð til grundvallar í frammistöðumati næsta skólaárs. Lokamat er gefið að vori í tölustöfum í 5. – 10. bekk en bókstöfunum A,B,C,D í 1. – 4. bekk. Fyrirhugað er að útskrifa nemendur 10. bekkjar með bókstöfum vorið 2016 eins og aðalnámskrá leggur upp með.

Skólanámskráin hefur verið í þróun undanfarin ár og í vetur var námskrárnefnd að störfum og var sú vinna tekin saman og sett upp í heildstætt skjal. Skólanámskrá Síðuskóla birtist opinberlega í maí 2015. Í vetur unnu kennarar einnig áfram að því að samræma námskrár fyrir einstaka námsgreinar þvert á árganga og er þeirri vinnu lokið í sumum námsgreinum en skemmra komnar í öðrum.

Læsisstefna grunnskólanna á Akureyri er í bígerð. Stjórnendur allra skólanna ásamt stjórnendum skóla í nágrennasveitafélögum eru í lærdómssamfélagi í samvinnu við skóladeild Akureyrarbæjar og miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri þar sem áherslan er á læsi í víðum skilningi. Verið er að samræma viðmið varðandi færni í lestri og huga að því hvernig hægt er að auka lestrarhæfni og lesskilning ungmenna. Þann 13. ágúst nk. verður námsstefna haldin í Brekkaskóla fyrir kennara í grunnskólum bæjarins þar sem fræðsluerindi verða flutt ásamt menntabúðum þar sem kennarar miðla fróðleik hver til annara.

SMT skólahæfnin með einkunnarorðin ÁBYRGÐ – VIRÐING – VINÁTTA er orðin samofin menningu skólans. Allir starfsmenn eru duglegir að gefa hrósmiða þegar nemendur fara að settum reglum. SMT hátíð var haldin þann 15. janúar þegar 15000 hrósmiðum hafði verið safnað. Að þessu sinni kom danskennari og leiddi nemendur og kennara saman í dansi í íþróttasal skólans. Kennarar hafa svo umbun með sínum bekk þegar tilskildum fjölda hrósmiða er náð og þá er ýmislegt gert til að brjóta upp hefðbundið skólastarf eins og að fara í feluleik um skólann eða hafa spilatíma. Þá var 100 miða leikurinn í janúarlok á sínum stað og vinningshafar þetta árið fóru í ísferð með stjórnendum en sú ferð frestaðist fram í miðjan febrúar þar sem 7. bekkur var að Reykjum og mikið umstang var í kringum árshátíð skólans.

Umhverfismál og útikennsla. Í vetur starfaði útikennslu- og umhverfisnefnd sem samanstóð af bæði starfsmönnum og fulltrúum nemenda bekkja sléttra talna, þ.e. 2., 4., 6., 8. og 10.b. Nefndin stóð fyrir ýmsum verkum. Þar má nefna áframhald við vinnu og uppbyggingu á útisvæði við nýja grillið þar sem starfsmenn Akureyrarbæjar skáru út fyrir stígum en umhverfisnefndin sá til þess að kurl væri sett þar og fóru fulltrúar ýmist sjálfir eða skipulögðu aðkomu bekkja í verkefnið.

Umhverfisnefndin hafði frumkvæði af því að hver árgangur ber ábyrgð á fegrun skólalóðar í ákveðnum mánuði s.s. að hreinsa rusl, sópa eða moka snjó. Í janúarmánuði var skráð hve margir nemendur og starfsmenn komu á bíl í skólann eða var ekið og það skráð og borið saman við eldri athugun. Einnig voru matarafgangar vigtarðir, fyrst í heild sinni í eina viku en síðan átti hver árgangur að henda í sína fötu en það gerði nemendur meðvitaðri um sóun matvæla og magnið sem hent var minnkaði umtalsvert. Umhverfisnefndin stóð síðan fyrir keppni milli

bekkja þar sem samtals var vigtað 10 sinnum en 1. bekkur bar sigur af hólmi í þetta sinn og 10. bekkur var í öðru sæti.

Samverustundir stiga á sal er reglulegt uppbrot á yngsta- og miðstigi. Þá fer stigið saman á sal. Deildarstjóri er með hugvekju og slökun og bekkirnir skiptast á að sína atriði. Oft tengjast þau námsefni hvers tíma s.s. mannlíkamanum, stjórnufræði eða forvörnum gegn tóbaki. Síðan er sungið. Nemendaráð stóð einnig fyrir söngsal nokkrum sinnum yfir veturinn en sá háttur var á að nemendur bekkja skipust á að velja lög fyrir þessa skemmtun. Þetta eru skemmtilegar samkomur þar sem allir koma saman og syngja skólasöng Síðuskóla og fleiri lög.

Stærðfræði á yngsta- og miðstigi hefur verið í endurskoðun og fulltrúi frá miðstöð skólaþróunar Háskólans á akureyri hefur veitt handleiðslu í þeim efnum. Rýnt var í það sem gert hefur verið og vöngum velt yfir því hvað betur má fara og leiðir þróaðar til að gera stærðfræðikennsluna markvissari og námið ánægjulegra fyrir nemendur.

Innra mat

Innra mat þarf að vera í Síðuskóla þar sem mat er lagt á valda þætti skólastarfsins hverju sinni. Í vetur starfaði matsteymi sem vann að því að kortleggja innra mat næstu ára og hvaða þætti skildi skoða þetta skólaárið. Þá lenti Síðuskóli í ytra mati sem er úttekt utanaðkomandi aðila á skólastarfinu. Skoða má niðurstöður vegna ytra matsins á heimsíðu skólans http://www.siduskoli.is/static/files/mat%20a%20skolastarfi/12_siduskoli_prent.pdf en þar er einnig að finna umbótaáætlun sem matsteymi skólans vann. Næsta vetur þarf að sjá til þess að umbætur eigi sé stað á réttum tíma.

Í vetur var unnið að uppfærslu matsáætlunar skólans um innra mat í samræmi við nýja aðalnámskrá grunnskóla og skólanámskrá. Hún er nú er aðgengileg á heimasíðu skólans. Annars vegar er um að ræða fjögurra ára áætlun þar sem tilgreindir eru þeir þættir sem metnir eru hverju sinni og hins vegar nánari útfræsla fyrir hvert starfsár. Athugið að suma þætti skal meta árlega. Matsteymi vann síðan að því að skilgreina nánar hvernig skyldi meta þá þætti sem fyrir lágu þetta skólaár. Notaðar eru fjölbreyttar leiðir. Rýnt er í fyrirbyggjandi gögn eins og niðurstöður skólapúlsins, skýrslu vegna ytra mats og frammistöðumat nemenda. Upplýsinga er einnig aflað með spurningalistum og fyrirspurnum í tölvupósti. Einnig má notast við viðtöl, rýnihópa, áhorf o.fl. þó sú hafi ekki orðið raunin í þetta sinn.

Hér má sjá yfirlit yfir þá matsþætti sem meta á samkvæmt fjögurra ára áætlun. Við gerð þessarar áætlunar var meðal annars stuðst var við *aðalnámskrá grunnskóla*

[file:///C:/Users/aber/Downloads/grunnskoli_greinanamskrar_netutgafa_2013%20\(1\).pdf](file:///C:/Users/aber/Downloads/grunnskoli_greinanamskrar_netutgafa_2013%20(1).pdf) og *Innra mat grunnskóla, leiðbeiningar og viðmið fyrir sveitafélög í tengslum við innra mat grunnskóla* <http://www.samband.is/media/mat-og-rannsoknir-a-skolastarfi/Leidbeiningar-og-vidmid-fyrir-eftirlit-med-innra-mati-lokaskjal.pdf>.

| | |
|--|---|
| <p>2014-2015 Starfsáætlun, Nemendur – líðan, þarfir, starfsandi, Stjórnun, Viðmót og menning skólabragur, Samstarf heimila og skóla</p> | <p>2015-2016 Skólanámskrá, Nám og kennsla, Námsárangur, Nemendur – líðan, þarfir, starfsandi Starfsfólk – líðan, þarfir, starfsandi</p> |
| <p>2016-2017 Starfsáætlun, Námsmat, Nemendur – líðan, þarfir, starfsandi, Stjórnun, Viðmót og menning skólabragur, Aðbúnaður, Samstarf heimila og skóla, Ytri tengsl (tengsl skólástiga),</p> | <p>2017-2018 Skólanámskrá, Nemendur – líðan, þarfir, starfsandi Starfsfólk – líðan, þarfir, starfsandi, Skólaþróun, Ráðstöfun auðlinda - fjármagn, tími, mannauðs og búnaðar</p> |

Skólaárið 2014-2015 stóð til að meta starfsáætlun, nemendur og þeirra líðan þarfir og starfsanda, stjórnun, viðmót og menningu þ.e. skólabrag og samstarf heimila og skóla. Ekki tókst að gera öllum þessum þáttum skil á þessu skólaári en það verður verkefni haustins hjá matsteymi á næsta skólaári að klára það. Þó var klárað að vinna að mati á starfsáætlun og samstarfi heimila og skóla.

Starfsáætlun

Að hausti skólaárið 2014 birtist í fyrsta sinn starfsáætlun Síðuskóla opinberlega. Starfsáætlun er hluti af skólanámskrá skólans og falla undir hana þeir þættir sem eru breytilegir frá ári til árs. Þar má nefna fjölda nemendna, skóladagatal, starfsmannahald og áherslur skólaársins svo dæmi séu nefnd. Til að meta starfsáætlun var einkum horft til þriggja þátta:

- A. Bera starfsáætlun saman við aðalnámskrá og þá þætti sem þar eru tilgreindir
- B. Leggja mat á útlit og uppsetningu
- C. Meta, hvað er raunhæft og hvað ekki. Þarf einhverju að breyta.

Farið var yfir þá þætti sem tilgreindir eru í aðalnámskrá grunnskóla að eigi að koma fram í starfsáætlunum skóla. Þar kom í ljós að bæta þarf inn viðfangsefni innra mats, setja inn vinnuáætlun fyrir skólaráð og starfsáætlun foreldrafélags og nemendafélags. Bæta má við upplýsingum frá félagsmiðstöð um starfssemi hennar og setja inn rýmingaráætlun ásamt tilmælum frá almannavarnarnefnd um hvernig bregðast skuli við vá. Varðandi uppsetningu og

útlit þarf að laga starfsmannaskrá og gera snyrtilegri og aðgengilegri. Endurskoða þarf skipurit þar sem skýrt er hver sé næsti yfirmaður.

Samstarf heimila og skóla

Samstarf heimila við Síðuskóla er margþætt. Við skólann starfar öflugt foreldrafélag sem lagt hefur skólanum lið á margvíslegan hátt, t.d. staðið vaktir við grill þegar uppákomur eru, styrkt skólann með hinum ýmsu tækjum og leikföngum og haft veg og vanda að glæsilegri vorhátíð Síðuskóla. Í öllum bekkum starfa bekkjarráð sem skipuð eru fulltrúum foreldra og sjá um að skipuleggja viðburði innan hvers bekkjar. Þá eru samskipti kennara við heimilin mikil, sérstaklega umsjónarkennara sem senda reglulega fréttir af bekkjarstarfinu og eru eftir þörfum í sambandi við foreldra vegna málefna einstakra nemenda. Til að leggja mat á samstarf heimila og skóla var að þessu sinni ákveðið að fá upplýsingar frá eftirfarandi:


- A. Skólapúlsinn.
- B. Spyrja kennara/umsjónarkennara um upplýsingagjöf til heimila og hve oft foreldrum er boðið í skólann í nafnlausri könnun.
- C. Virkni bekkjarráðs kannað með því að senda fyrirspurn í tölvupósti um þær uppákomur sem bekkjarfulltrúar stóðu fyrir með bekknum.

Niðurstöður foreldrakönnunar skólapúlsins gefa vísbendingar um ánægju foreldra með samstarf skólans við heimilin og aðstöðu í skólanum. Stjórnun skólans er að mati foreldra góð. Foreldrar í Síðuskóla telja sig hafa meiri áhrif á ákvarðanir varðandi nám nemenda og þeim finnst námsefnið hæfilega þungt. Þeim finnst mikilvægt að gera námsáætlanir með nemendum og eru ánægðari með heimasíðu skólans en foreldrar almennt og telja sig upplýsta um stefnu skólans og námskrá. Foreldrar eru virkir í námi barna sinna. Foreldrar telja að hratt sé unnið í eineltismálum sem upp koma og eru almennt ánægðari með eineltisstefnu skólans en foreldrar í öðrum skólum sem nota Skólapúlsinn sem mælitæki. Könnunin kemur í heild sinni vel út fyrir skólann en eina spurningin sem svör foreldra sýna neikvæð frávik er þegar spurt er um væntingar foreldra til menntunarstigs barna sinna. Þar má sjá að foreldrar í Síðuskóla vænta síður að börn þeirra ljúki háskólanámi en aðrir foreldrar sem þátt tóku. Niðurstöður foreldrakönnunar skólapúlsins má skoða í heild sinni á heimasíðu skólans á slóðinni <http://www.siduskoli.is/static/files/mat%20a%20skolastarfi/foreldrakonnun.pdf>.


Könnun varðandi foreldrasamstarf var lögð fyrir kennara gegnum google Forms en þar svöruðu kennarar nafnlaust spurningum sem matsteymi samdi. Alls svöruðu 22 kennarar af 43 spurningalistanum eða 6 sem kenna á elsta stigi, 9 sem kenna á miðstigi og 4 af yngsta stigi og

3 sem kenna á öllum stigum. Fimmtán umsjónarkennarar svöruðu og sjö kennarar sem kenna sérgreinar en eru ekki með umsjón með nemendum.


Spurt var hve oft á skólaárinu kennarar bjóði foreldrahópum í heimsókn í skólann fyrir utan haustfundi og foreldraviðtöl (ekki fundir vegna einstakra nemenda).




Þá var spurt hve oft kennararnir senda tölvupóst til foreldra allra barna í bekknum.




Næst var spurt hve oft kennari skráir jákvæða færslu í dagbók hvers barns að jafnaði en ekki var verið að meina börn sem eru í sérstöku ferli.



Þá var spurt um hve foreldrar margra barna hafi haft samband að fyrra bragði til að ræða um nám barns eða líðan.



Spurt var um hve mörg börn í umsjón kennara væru í þjónustuteymi sem funda reglulega með foreldrum og fulltrúum fjölskyldudeildar.



Í opnum svörum kom einnig fram að foreldrar eru alltaf velkomnir í tíma þegar þeir vilja og að samstarf sé gott og foreldrar jákvæðir. Einn kennari segir að hann fái nánast aldrei viðbrögð við pósti til foreldra sam hvernig hann hljómi. Þá segir kennari að haldnir séu fundir og samstarf með foreldrum barna sem verið er að athuga með greiningar annaðhvort í samstarfi við námsráðgjafa eða sérkennara.

Til að skoða störf bekkjarfulltrúa var eftirfarandi bréf sent um mánaðarmótin maí/júní á þá foreldra sem skráðir voru sem bekkjarfulltrúar.

Kæra foreldri, bekkjarfulltrúi í Síðuskóla

Sem liður í innra mati Síðuskóla þetta skólaárið er að meta samstarf og samvinnu skólans við foreldra. Einn þáttur er að lista upp hvaða uppákomur bekkjarfulltrúar hafa staðið fyrir í hverjum árgangi/bekk fyrir sig.

Vinsamlegast svarið þessum pósti og tilgreinið bekk, hvað hefur verið gert og hvort eitthvað ákveðið standi til þessa síðustu daga, t.d. 2. XX, fórum í leiki á skólalóð í mars, stendur til að grilla í júníbyrjun.

Kær kveðja

Svör bárust frá fulltrúum allra árganga en misjafnt var hvað gert var á hverjum stað. Hér verður listað upp það sem fram kom.

1. bekkur

Þann 14. október hittumst foreldrar með krakkana í þeirra heimastofu í Síðuskóla. Þar var búningapema og farið í leiki og allir komu með eitthvað til að nasla í á hlaðborð. Annar hittingur hefur ekki verið en ætlunin var að reyna að hafa einn svona í lokin. Hugmyndin var að hittast einhversstaðar og grilla en veðrið hefur ekki verið að gera okkur auðvelt fyrir frekar en öðrum líklega.

2. bekkur

Fyrir áramót var haldin smá skemmtun með leikjum og balli, foreldrar komu með bakkelsi sem boðið

var upp á.

Því miður hefur ekki verið gert neitt eftir áramót. Það er þó ein vika til stefnu þannig að það gæti verið að allt í einu yrði eitthvað gert.

3. bekkur

Foreldrafulltrúar 3ja bekkjar hafa ekki staðið fyrir uppákomu í vetur.

4. bekkur

Í 4 bekk var haldið bekkjarkvöld þar sem krakkarnir gátu horft á mynd í heimastofum, komið með snakk/nammi og drykki. Einnig var hægt að spila og var þetta ánægjuleg samvera hjá okkur. Eftir áramót héldum við bingo fyrir skólann og komu krakkarnir okkar að því auk þess sem þau tóku þátt. Þetta var liður í fjáröflum fyrir bekkinn til þess að fara á Kiðagil en við bekkjarfulltrúar skipulögðum það, fjáraflanir og mönnum ferðina ásamt kennurum. Þessi ferð gekk glimrandi vel og krakkarnir komu mjög ánægðir heim.

5. bekkur

Um haustið var bíódagur í skólanum fyrir krakkana þar sem boðið var upp á "Ace Ventura", popp og djús. Að vori var áætlað að börn og fjölskyldur hittist í salnum á Þelamörk og eigi þar saman góða stund, pítsa á eftir og þeir sem hafa áhuga geta farið í sund (fólk þarf að borga fyrir sig í sundið). Við erum með skráningu í gangi, ef lítil þátttaka verður er útlit fyrir að þetta verði slegið af og reynt að gera eitthvað fyrstu skólavikuna í haust (áður en nýir bekkjarfulltrúar taka við).

6. bekkur

Við í 6. bekk höfum haft tvær uppákomur í vetur, í byrjun desember fórum við í bíóferð og að því loknu gengum við yfir í ísbúðina, fengum okkur ís og spjölluðum saman. Í lok apríl fórum við í Bogfimisetrið þar sem við lærðum að skjóta af boga og hitta í mark og skemmtum okkur mjög vel.

7. bekkur

Krakkarnir í 7. bekk horfðu á mynd í skólanum og máttu koma með snakk og síðan var farið í keilu. Eftir áramót fór bekkurinn á Reyki og var staðið að fjáröflun fyrir ferðinni. Eftir áramótin var farið í keiluferð og tekinn einn leikur. Þetta var skemmtileg samvera og krakkarnir hressir og kátir.

8. bekkur

8. bekkur gisti í skólanum eftir jólin.

9. bekkur

Við höfum farið út að borða með bekknum í vetur sem var þeirra ósk. Það gekk rosalega vel og eiginlega allur bekkurinn sem kom. Í byrjun júní ætlum við að hittast í Síðuskóla fara í salinn í leiki og borða pítsu á eftir.

10. bekkur

Engar formlegar uppákomur en mikil samvera í kringum árshátíð og viðburði tengdum fjáröflun vegna skólaferðalags.

Eins og sjá má er viðfangsefni bekkjarfulltrúa fjölbreytt og gaman að sjá að foreldrar sjái sér fært að skipuleggja viðburði fyrir krakkana saman sem bekkur utan hefðbundins skólatíma.

Í heildina séð er samstarf skólans við heimilið gott og mikilvægt að halda áfram.

Upplýsingagjöf kennara til heimila er mikil, bæði í formi tölvupósta, símtala og skráninga í Mentor. Í Mentor má sjá upplýsingar um ástundun, þ.e. mætingu, heimanám og hvort

nemendur séu með námsgögn. Niðurstöður valinna verkefna og prófa eru skáð í

verkefnabækur sem eru foreldrum aðgengilegar. Í Mentor er einnig dagbók en þangað berast

færslur ef um stoppmiða er að ræða, þ.e. að nemandi fari ekki að reglum skólans.

Fundargerðir varðandi nemendur er þar einnig að finna og ef kennarar þurfa að koma einhverju á framfæri, t.d. hrósi þá er dagbókin góður vettvangur.

Aðrir þættir í innra mati

Eins og fram hefur komið vannst ekki tími til að vinna að mati á öðrum matsþáttum samkvæmt áætlun innra mats þetta skólaárið. Þess ber þó að geta að stjórnun og skólabragur voru metnir í úttekt ytra mats svo þar má lesa um þá þætti ásamt umbótaáætlun fyrir skólaárið. Liðurinn Nemendur – líðan, þarfir, starfsandi, þarf síðan að vera í forgangi í innra mati næsta skólaárs enda er það þáttum sem meta skal árlega.